Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Reykjavík, 30. janúar 2020

Efni: Drög að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 40/2013 um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi (skýrsluskil o.fl.)

Skeljungur gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar eins og þær liggja fyrir en vilja gera athugasemdir við eftirfarandi:

Skiladagur í lögum og þjónustugátt OS er mismunandi.

Í 5. gr. laga nr. 40/2013 um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi stendur eftirfarandi:

Söluaðilum eldsneytis er skylt að gera Orkustofnun endanlega grein fyrir magni og hlutfalli alls endurnýjanlegs eldsneytis sem þeir selja til samgangna á landi á almanaksári. Upplýsingar er sýna fram á að skilyrði 3. og 4. gr. séu uppfyllt skulu liggja fyrir eigi síðar en mánuði eftir að almanaksárinu lýkur.

Á vef OS er eftirfarandi: *Sölutöflunni skal skilað í gegnum þjónustugátt Orkustofnunar fyrir 20. febrúar ár hvert.*

Tvö markmið um hlutfall endurnýjanlegs eldsneytis.

Núna eru í gildi annars vegar lög um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi (40/2013) og hins vegar reglugerð frá Umhverfis og auðlindaráðuneyti 960/2016. (sjá meðfylgjandi bréf frá Umhverfisstofnun dags. 18. Desember 2019.)

Hið fyrra er eftirfarandi (orkuinnihald í samgöngum):

3.gr.

"Frá 1. janúar 2015 skal tryggja að minnst 5,0% af heildarorkugildi eldsneytis til notkunar í samgöngum á landi á ári sé endurnýjanlegt eldsneyti."

Hið seinna:

8.gr.

Birgjar skulu smám saman draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu úr eldsneyti og Birgjar skulu smám saman draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu úr eldsneyti og afhentri orku um allt að 10% fyrir 31. desember 2020, miðað við lágmarksstaðlana fyrir eldsneyti sem um getur í tilskipun ráðsins 2015/652/ESB frá 20. apríl 2015 um

reikniaðferðir og kröfur um skýrslugjöf samkvæmt tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og dísileldsneytis. Þessi minnkun skal nema:

a) eigi síðar en 31. desember 2020:

Þarna er um að ræða sitt hvort markmiðið frá sitt hvorri stofnuninni sem að bæði eru leyst með íblöndun á endurnýjanlegu eldsneyti þrátt fyrir að markmiðin séu mismunandi. Annað markmiðið verður hlutmengi í hinu.

Skeljungi þykir eðlilegast að markmiðin væru sameinuð og með eftirliti frá einum aðila til að einfalda alla stjórnsýslu í kring um þau fyrir alla viðkomandi.